

✉ Re: 1701084 - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Hamranes

Búið til	23.6.2020 09:29:48
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	23.6.2020 09:29:47
Tilheyrir	📁 202005-0027 - Tillaga að aðalskipulagsbreytingu í Hafnarfirði er nær til svæðis í Hamranesi

Efni

Re: 1701084 - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Hamranes

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	23.6.2020 09:29:47	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	gunnthora@hafnarfjordur.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020050027

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 14. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu svæðis í Hamranesi. Gert er ráð fyrir að breyta landnotkun á þremur svæðum sem nú eru skilgreind í samþykktu aðalskipulagi sem miðbær, verslunar- og þjónustusvæði og íbúðasvæði í miðsvæði. Samkvæmt meðfylgjandi skipulagsuppdraetti munu mörk fyrirhugaðs miðsvæðis verða þau sömu og fyrrgreindra þriggja svæða.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að landnotkun á umræddum svæðum verði breytt m.a. með hliðsjón af því að ekki er verið að breyta mörkum skipulagsins og að breytingin sem slík á ekki að valda meiri röskun á náttúruminum en fyrri landnotkunarflokkar. Stofnunin leggur áherslu á að öllu raski á svæðinu verði haldið í lágmarki en um er að ræða skipulag sem að stórum hluta er á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það er því mikilvægt að við alla deiliskipulagsvinnu verði séð til þess að laga skipulagið/framkvæmdir að því landslagi sem er á svæðinu sbr. t.d. fyrirhuguð hverfisverndarsvæði.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson

Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Gunnþóra Guðmundsdóttir" <gunnthora@hafnarfjordur.is>
To: "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "hhk@heilbrigdiseftirlit.is" <hhk@heilbrigdiseftirlit.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>
CC:
Subject: 1701084 - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Hamranes
Date: 14.5.2020 10:58:24

Góðan daginn.

Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar óskar eftir umsögn ykkar vegna tillögu að aðalskipulagsbreytingu í Hafnarfirði er nær til svæðis í Hamranesi. Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi landnotkun breytist úr *miðbæ, verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðasvæði* og verði þess í stað skilgreint sem *miðsvæði*.

Auglýsingartími breytinganna er frá 14.5.-26.6. Óskað er eftir umsögn á auglýsingartíma.

Vinsamlegast staðfestið móttöku erindisins.

Með vinsemd

Gunnþóra



Gunnþóra Guðmundsdóttir

arkitekt
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2
gunnthora@hafnarfjordur.is
585 5500



www.hafnarfjordur.is
(<http://www.hafnarfjordur.is/>)

www.hafnarfjordur.is (<http://www.hafnarfjordur.is/>)

Umhverfis- og skipulagssvið, Norðurhella 2, 221 Hafnarfjörður, Sími 585 5500 www.hafnarfjordur.is (<http://www.hafnarfjordur.is/>)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.

FYRIRVARI / DISCLAIMER (<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>)

FYRIRVARI / DISCLAIMER (<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>)

Viðhengi

image006.png (9 KB)

image001.gif (2 KB)

image005.jpg (2 KB)

image001.gif (2 KB)